



ÁRSSKÝRSLA 2020

AMNESTY
INTERNATIONAL



AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega sjö milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsókna frá ríkisstjórnnum eða stjórnmalaflokkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórnmalastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisu. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og háttarni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.

ÞÁTTTAKA ÞÍN BJARGAR MANNSLÍFUM!

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og knúið áfram af einstaklingum eins og þér!

Hvert framlag – hver aðgerð vegur þungt.

**Íslandsdeild Amnesty International
þakkar félögum fyrir ómetanlegan
stuðning á árinu 2020**



ÁRSSKÝRSLA ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL 2020

Ávarp formanns – á fordæmalausu ári	4
Fólkið á bak við starfið	5
Verkefni 2020	6
Kórónuveiran og mannréttindi	8
Þitt nafn bjargar lífi	9
Aðgerðastarf	10
Fjölmiðlar og samskipti	12
Fjáröflun í kórónuveirufaraldri	13
Helstu tekjur og gjöld	15

ÁVARP FORMANNS – Á FORDÆMALAUSU ÁRI

Kórónuveirufaraldurinn hefur sett mark sitt á síðastliðið ár, bæði á líf okkar allra sem og alþjóðlega mannréttinda-baráttu. Starf Amnesty International um heim allan hefur tekið mið af breyttum aðstæðum. Við höfum þurft að leita nýrra leiða til að berjast fyrir mannréttindum, og heimsfaraldurinn hefur boðið upp á nýjar og stærri áskoranir.

Samhliða þessum áskorunum höfum við einnig séð vaxa og dafna fjöldann allan af hreyfingum sem krefjast þess að mannréttindi séu virt. Í sumar fylgdumst við með mótmælaöldu í Bandaríkjunum, þar sem Black Lives Matter-hreyfingin barðist gegn kynþáttafordómum og -ofbeldi. Í Argentínu kom fólk saman og barðist fyrir réttinum til þungunarrofs, og bar sigur úr bítum, þar sem í desember síðastliðnum var þungunarrof fram að 14. viku lögleitt eftir langa baráttu. Fleiri dæmi má nefna frá Hong Kong, Hvíta-Rússlandi, Nígeríu og víðar. Út um allan heim hefur fólk staðið upp og krafist réttinda sinna, og því verki lýkur aldrei í raun.

Þrátt fyrir þær takmarkanir sem óumflýjanlega fylgdu heimsfaraldrinum hefur Íslandsdeild Amnesty International haldið áfram sínu starfi. Þessu fordæmalaus ári fylgdu bakslög, enda hefur aðgerðastarf okkar oft verið háð því að koma saman í fjölmenni, en Íslandsdeildin stendur vel og er traust fjárhagslega. Árangurinn í hinni árlegu herferð *Þitt nafn bjargar lífi* var sá besti á heimasíðunni hingað til og ungliðarnir okkar fundu nýjar og frumlegar leiðir til að halda starfi sínu áfram rafrænt. Þó svo að kórónuveirufaraldurinn hafi breytt þeim aðstæðum sem við störfum við höldum við ótrauð áfram að vinna að markmiðum okkar.

Undanfarið ár hefur minnt okkur á hvers vegna mannréttindi eru þörf. Valdhafar víða um heim hafa nýtt sér ástandið til að skerða mannréttindi, og kórónuveirufaraldurinn hefur fært í forgrunn nýjar og mikilvægar spurningar um réttinn til heilsu. Þvert á landamæri og stétt og stöðu tökumst við öll á við þær takmarkanir sem fylgja þessu ástandi. Á tímum sem þessum brýnist fyrir okkur verðmætið sem felst í að standa saman, og hversu samtengd réttindi okkar allra eru. Næsta skref er að horfa fram á við og tryggja að þessi samstaða haldist út áskoranirnar sem fylgja og að enginn sé skilinn eftir.

*Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, settur formaður
Íslandsdeildar Amnesty International*



Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, settur formaður
Íslandsdeildar Amnesty International.



GÓÐAR FRÉTTIR:

DAUÐADÓMUR FELLÐUR ÚR GILDI Í SUÐUR-SÚÐAN

Magai Matiop Ngong frá Suður-Súdan var 15 ára þegar hann var dæmdur til dauða. Um heim allan söfnuðust 765.000 undirskriftir til stuðnings máli hans í okkar árlegu herferð *Þitt nafn bjargar lífi* 2019. Dauðadómur yfir honum var loks felldur úr gildi í júlí 2020.



FÓLKID Á BAK VIÐ STARFIÐ

Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum landsdeildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í meira en 70 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sjö manns í stjórn, fimm ungmenni sitja í stjórn ungliðahreyfingarinnar og eru átta stöðugildi á skrifstofu deildarinnar allt árið um kring.



STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2020–2021

Formaður

Magnús Davíð Norðdahl

Varaformaður

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

Ritari

Eva Einarsdóttir

Gjaldkeri

Rakel Haraldsdóttir

Meðstjórnandi

Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

Varamenn

Andreas Sigurgeirsson

Claudia Ashonie Wilson



STJÓRN UNGLIÐA

Formaður

Hertha Kristín Benjaminsdóttir

Varaformaður/gjaldkeri

Snædís Lilja Káradóttir

Ritari

Ragnhildur Björt Björnsdóttir

Meðstjórnendur

Sindri Bjarkason

Lúkas Núi Ólafsson

STARFSFÓLK ÁRIÐ 2020

Framkvæmdastjóri

Anna Lúðvíksdóttir

Fjáröflunarstjóri

Sonja Huld Guðjónsdóttir

Herferðastjóri

Bryndís Bjarnadóttir

Ungliða- og aðgerðastýra

Hera Sigurðardóttir

Fræðslustjóri

Vala Ósk Bergsveinsdóttir

Rekstrarfulltrúi

Anna Dóra Valsdóttir

Lögfræðingur

Birna Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri


Rúna Friðriksdóttir

Bókari

Bryndís Björk Karlsdóttir lét af störfum í júlí

Maren Rún Gunnarsdóttir tók við störfum í ágúst

FÉLAGAR OG AÐGERÐASINNAR ÁRIN 2018–2020



VERKEFNI 2020

TJÁNINGARFRELSIÐ

Hugsjón Amnesty International í verkefninu er að tryggja að fólk þekki og geti krafist réttar síns til tjáningarfrelsis, skilji mikilvægi þessa réttar og annarra skyldra réttinda og frelsis, og hafi yfirsýn yfir það hvernig helst er brotið gegn tjáningarfrelsinu víðs vegar um heiminn í dag. Í síauknum mæli brjóta ríkisstjórnir heims á grundvallarrétti fólks til tjáningarfrelsis og annarra skyldra

réttinda, eins og réttinum til félaga- og fundarfrelsis. Þetta er oft gert í nafni þjóðaröryggis, almannaeilla, menningararfs og baráttunnar gegn hryðjuverkum en í raun er ætlunin að bæla niður friðsamlegt andóf og þagga niður í gagnrýni. Hvort og hvernig stjórnvöld bregðast við gagnrýnisröddum eða óhliðhollum skoðunum er oft góð vísbending um hvernig þau sinna mannréttindum almennt í eigin landi.

Verkefnið miðar einnig að því að íslensk stjórnvöld tryggi að fullnægjandi löggjöf sé fyrir hendi sem verndi tjáningarfrelsið og önnur skyld réttindi. Það getur þýtt að gera þurfi nauðsynlegar lagabreytingar eða smíða nýja löggjöf.

MEGINÁHERSLUR 2020

Til að fylgja vitundarvakningu eftir var ítarlegt efni unnið fyrir heimasíðu Íslandsdeildar Amnesty International um tjáningar- og fundarfrelsi og stöðu þessara réttinda á fimm landsvæðum; Asíu, Afríku, Evrópu, Mið-Austurlöndum og Suður- og Norður-Ameríku, og fimm löndum þar innan. Tekin voru dæmi um margvísleg brot á tjáningar- og fundarfrelsi frá hverju landsvæði og þau kynnt á samfélagsmiðlum.

Þá var komið á samstarfi við auglýsingastofuna Kontor sem hannaði slagorðið *Tjáningarfrelsið má ekki veikjast* með vísan í kórónuveirufaraldurinn en samtökin hafa greint aukningu brota á tjáningar- og fundarfrelsi af hálfu stjórnvalda frá því að faraldurinn hóf innreið sína. Auglýsingaefnið var birt á tugum strætóskýla og umhverfisskilta víðs vegar um höfuðborgarsvæðið og var herferðin mjög sýnileg. Í kjölfarið voru Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, og Bryndís Bjarnadóttir herferðastjóri boðaðar í útvarpsviðtöl á RÚV, Útvarpi Sögu og Bylgjunni.

Til stóð að setja upp samstarfs-sýningu á árinu með Improv Iceland og uppistandanum Ara Eldjárn til stuðnings verkefninu þar sem allur ágóði myndi renna til Íslandsdeildarinnar en samkomutakmarkanir vegna faraldursins gerðu þær áætlanir að engu. Sömu sögu var að segja um fyrirhugaða málstofu um efnið en til stendur að halda báða viðburðina árið 2021 ef faraldurinn helst niðri.

Hvað varðar vinnu deildarinnar hér á landi í tengslum við verkefnið voru formlegar fyrirspurnir sendar í apríl og júní á Landlæknisembættið vegna smáforritsins Rakning-19 og á vinnuhóp um upplýsingaóreiðu í lok apríl. Að lokum var umsögn við frumvarp til laga um vernd uppljóstrara unnin, send og að lokum kynnt fyrir allsherjar- og menntamálanefnd þar sem deildin lagði sérstaklega til breytingartillögu við 1. mgr. 1. gr. laganna, sem var samþykkt, auk þess sem frumvarpið sjálft var sam-

Tjáningarfrelsið má aldrei veikjast
var slagorð auglýsingaherferðar
Íslandsdeildarinnar um
tjáningarfrelsið.



TJÁNINGARFRELSIÐ
MÁ ALDREI VEIKJAST

amnesty.is

þykkt til laga. Með þessu náðist stór áfangasigur í verkefninu.

BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Hugsjón Amnesty International í verkefninu er að fleiri ríki skuldbindi sig til að vernda flóttafólk með raunverulegri deilingu ábyrgðar. Að vera Bakhjarlar flóttafólks (e. Community sponsorship) felur í sér að almennir borgarar, hópar eða samfélög bjóðast til að gerast fjárhagslegir bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins. Flóttafólkið hefur þá flest verið skrásett í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna og fengið viðurkennda stöðu sem slíkt. Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í þriðja landi koma sjálfboðaliðar, einkaaðilar eða samtök, að ferlinu með því að leggja fram fjárhagsaðstoð og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu. Bakhjarlar flóttafólks leysa þó aldrei ábyrgð stjórnvalda af hólmi.

MEGINÁHERSLUR 2020

Íslandsdeild Amnesty International hefur lagst í mikla grunnvinnu vegna verkefnisins og meðal annars látið vinna fýsileikakönnun um Bakhjarla flóttafólks á Íslandi sem Bjarney Friðriksdóttir, sérfræðingur í málefnum flóttafólks, vann fyrir deildina.

Í febrúar 2020 hélt Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri deildarinnar, kynningu á sýn Bakhjarla flóttafólks um teymi um málefni flóttafólks og kynnti sýn samtakanna þar um. Í teyminu sitja fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og félagsamtaka.

Óhætt er að segja að kórónuveirufaraldurinn hafi síðan sett strik í reikninginn og haft áhrif á framgang verkefnisins. Ákveðið var að fresta því í nokkra mánuði á meðan faraldurinn stóð sem hæst en aftur var farið af stað síðastliðið haust. Þær Anna Lúðvíksdóttir og Birna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Bakhjarla flóttafólks, áttu þá fundi með fjölda félagsamtaka og stofnana sem starfa við móttöku flóttafólks eða koma að málefnum þess með einum eða öðrum hætti, þar sem verkefnið var rætt nánar. Þó nokkur samtök sýndu verkefninu mikinn áhuga.

Ljóst er að verkefni deildarinnar um að íslensk stjórnvöld komi á umræddri mót-



Amnesty kynnti sýn deildarinnar um Bakhjarla flóttafólks fyrir fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og félagsamtaka.

tökuleið er langhlaup. Vinna í tengslum við það heldur áfram árið 2021.

GAGNKVÆM AÐLÖGUN ALLS FLÓTTAFÓLKS Á ÍSLANDI

Hugsjón Amnesty International í verkefninu er að farsæl gagnkvæm aðlögun flóttafólks á Íslandi sé tryggð. Verkefnið hefur staðið yfir síðan í byrjun árs 2018 og mun ljúka að mestu vorið 2021.

MEGINÁHERSLUR 2020

Samvinnuverkefni Íslandsdeildar Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands er snýr að valdeflingu réttihafa í þekkingu á réttindum sínum hélt áfram. Unnið var í samstarfi við auglýsingastofuna KIWI að þremur myndböndum sem beina sjónum að jafnrétti fyrir alla, réttindum á vinnu-

markaði og réttindum barna. Upptökur á viðtölum við sérfræðinga á tengdum sviðum og fólk sem komið hefur hingað til lands og fengið vernd fóru fram í maí og júní 2020. Í haust fór síðan fram klipping og eftirvinnsla. Myndböndin, sem verða aðgengileg á vefsíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands ásamt frekara upplýsingaefni, fara í loftið á fyrsta ársfjórðungi 2021 en einnig verða þau aðgengileg á samfélagsmiðlum og vefsíðu Íslandsdeildar Amnesty International.

Aðrir þættir verkefnisins sem settir voru á bið vegna kórónuveirufaraldursins verða að líkindum annaðhvort ekki framkvæmdir eða munu falla inn í aðra starfsemi deildarinnar eins og t.d. fræðslustarf.



Frá upptökum á efni fyrir myndbönd um réttindi flóttafólks sem Íslandsdeildin vann að með Mannréttindaskrifstofu Íslands.

KÓRÓNUVEIRAN OG MANNRÉTTINDI

KÓRÓNUVEIRAN OG MANNRÉTTINDI

Ekkert okkar hefur farið varhluta af áhrifum kórónuveirufaraldursins, hvort sem það er vegna veikinda, ástvinamissis, vinnutaps eða aukinnar heima-veru og einangrunar. Þjónusta hvers konar hefur skerst í faraldrinum og mannfögnuðum og viðburðum hefur verið aflýst. Heimurinn stóð í einu vetfangi frammi fyrir fordæmalausu neyðarástandi í lýðheilsu sem og gríðarstórrí efnahagskreppu og aldrei hefur verið eins aðkallandi að standa vörð um mannréttindi. Milljarðar manna stóðu frammi fyrir takmörkunum á frelsi sínu og hundruð milljóna áttu á hættu að missa vinnuna eða tekjurnar.

Amnesty International þurfti að bregðast skjótt við nýrri heimsmynd og lagði allt kapp á að greina og bregðast við áhrifum aðgerða stjórnvalda til að sporna við faraldrinum á stöðu mannréttinda í heiminum. Því nú, meira en nokkru sinni fyrr, verða stjórnvöld að gæta þess til hins ýrasta að allar takmarkanir á þessum réttindum séu í samræmi við viðurkennda og rótgróna vernd mannréttinda.

Það var ljóst frá upphafi faraldursins að Amnesty International þurfti að snúa að einhverju leyti frá fyrirhuguðum verkefnum og áherslum og skoða hvaða áhrif aðgerðir stjórnvalda til að sporna gegn faraldrinum hefðu á t.d. réttindi barna, tjáningarfrelsið, farendur, fanga, konur, LGBTIQ fólk og réttinn til einkalífs.

Réttur til heilsu er tryggður í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal rétturinn til aðgangs að heilsugæslu og upplýsingum, bann við mismunun á læknisþjónustu og frelsi frá meðferð án samþykkis. Allir eiga rétt á húsaskjóli, aðgangi að hreinu vatni og til almenns hreinlætis. Ennfremur eiga allir rétt á að tjá sig og rétt til funda- og ferðafrelsis. En öllum þessum réttindum ásamt öðrum ótöldum stendur ógn af viðbrögðum stjórnvalda víða um



Amnesty International þurfti að bregðast skjótt við nýrri heimsmynd og lagði allt kapp á að greina og bregðast við áhrifum aðgerða stjórnvalda til að sporna við faraldrinum á stöðu mannréttinda í heiminum.

heim sem hafa sætt lagi og skert þessi réttindi í nafni þjóðaröryggis, almannaheilla, menningararfs og baráttunnar gegn hryðjuverkum þegar í raun ætlunin er að bæla niður friðsamt andóf og þagga niður í gagnrýni.

Þessi vinna kallaði á samstillta strengi deilda í ólíkum löndum og í einni svipan féllu niður allir alþjóðlegir fundir svo allar umræður fóru fram og ákvarðanir voru teknar í gegnum fjarfundabúnað. Deildir Amnesty International um allan heim eru ólíkt settar er varðar tæknibúnað en einnig varð tímamismunur landsvæðanna áskorun og starfsfólk og stjórnarmeðlimir sumra deilda tóku þátt í nokkrum fundum að næturlagi.

Fyrirhugaðar aðgerðir Amnesty International á götum úti til að berjast fyrir bættum mannréttindum voru blásnar af og aðgerðasinnar víða um heim þurftu að nýta sköpunarkraftinn og tæknina til þess að halda starfinu áfram.

Mikil óvissa ríkti um hvaða áhrif þetta hefði á fjáröflun samtakanna bæði hér heima og erlendis. Það var því léttir að sjá að kórónuveirufaraldurinn hafði lítil eða engin neikvæð áhrif á þessa stoð samtakanna árið 2020 en það er erfið að spá um áhrifin til lengri tíma lítið. Mikilvægi rannsóknarstarfs Amnesty International, aðgerða, herferða og þrýstings á stjórnvöld ásamt getu samtakanna til að bregðast hratt við breyttum heimi kom bersýnilega í ljós þegar kórónuveiran breiddist út og stjórnvöld víða um heim hafa sett neyðarlög og takmarkað frelsi einstaklinga á margvíslegan hátt. Grunnurinn að góðum árangri í starfi Amnesty International er samstillt átak hreyfingarinnar á alþjóðavísu og þátttaka milljóna einstaklinga sem grípa til aðgerða og kalla eftir raunverulegum úrbótum á stöðu mannréttindamála um heim allan.

PITT NAFN BJARGAR LÍFI

Pitt nafn bjargar lífi 2020 gekk vonum frammar en samtals söfnuðust **70.405** undirskriftir til stjórnvalda á vefsíðu Íslandsdeildar Amnesty International sem er rúmlega það markmið sem deildin stefndi að og er met í fjölda rafrænna undirskrifa á vefsíðunni fyrir þessa árlegu herferð.

Bregða þurfti út af vananum við skipulagningu herferðarinnar árið 2020 í ljósi kórónuveirufaraldursins og voru því engir viðburðir haldnir eins og venja er heldur fór herferðin að öllu leyti fram rafrænt. Þrátt fyrir annmarka í samfélaginu náðist þessi einstaklega góði árangur sem ber vott um síaukinn stuðning almennings við herferðina.

Markmið herferðarinnar í ár var að safna undirskriftum fyrir tíu áriðandi mál einstaklinga sem sæta mannréttindabrotum og þrýsta á viðkomandi stjórnvöld að virða mannréttindi. Þá var einnig hvatt til þess að almenningur skrifaði stuðningskveðjur til polenda brotanna og fjölskyldna þeirra. Alls söfnuðust **322** stuðningskveðjur en næstum helmingurinn kom frá nemendum í Alþjóðaskólanum sem skrifuðu hvorki meira né minna **145** stuðningskveðjur.

Mál Nassimu al-Sada, sem situr í fangelsi fyrir að berjast fyrir réttindum kvenna í heimalandi sínu Sádi-Arabíu, fékk flestar undirskriftir eða samtals **6.509**. Því næst var mál Melike Balkan og Özgürs Gür sem hafa verið ákærð fyrir baráttu sína fyrir réttindum hinsegin fólks í Tyrklandi en alls safnaðist **6.531** undirskrift þeim til stuðnings. Kvenréttindi og mál hinsegin fólks voru fólki því ofarlega í huga í þetta skiptið.

Íslandsdeildin fékk listamanninn Stefán Óla Baldursson til liðs við sig til að vekja athygli á herferðinni með því að skapa vegglistaverk á húsvegg Kaffihúss Vesturbæjar. Þá var unnið á ný með Kontor Reykjavík að auglýsingaherferð til að vekja athygli á herferðinni og birtust auglýsingar í sjónvarpi, dagblöðum, á auglýsingaskiltum víða um höfuðborgarsvæðið, á strætisvagni og auðvitað samfélagsmiðlum.

MANNRÉTTINDASKÓLAR ÁRSINS

Bregða þurfti út af vananum við skipulagningu herferðarinnar í ár vegna kórónuveirufaraldursins og því voru engar skólaheimsóknir á dagskrá né viðburðir haldnir líkt og venja er. Í grunnskólum landsins söfnuðust í heild **2.502** undirskriftir og **5.407** í framhaldsskólunum.

Háteigsskóli og Alþjóðaskólinn á Íslandi eru Mannréttindagrunnskólar ársins 2020 og hlutu í febrúar 2021 viðurkenningu og verðlaunagrip fyrir frammistöðu sína í grunnskólakeppni Íslandsdeildar Amnesty International og titilinn Mannréttindagrunnskóli ársins 2020. Þetta er þriðja árið í röð sem skólarnir vinna keppnina, hvor í sínum flokknum. Háteigsskóli safnaði **1.311** undirskriftum og Alþjóðaskólinn á Íslandi **814**. Kvennaskólinn í Reykjavík safnaði flestum undirskriftum allra framhaldsskóla eða **2.969** en Framhaldsskólinn á Húsavík safnaði flestum undirskriftum miðað við nemendafjölda eða **70** undirskriftum. Báðir skólarnir hlutu viðurkenningu og verðlaunagrip fyrir frammistöðu sína.

Síðustu ár hefur verið hefð fyrir því að heimsækja vinningskóla, afhenda viðurkenningu og verðlaunagrip og bjóða



upp á köku til að fagna árangrinum. Í ljósi aðstæðna var í ár brugðið á það ráð að bjóða skólunum á rafrænt gleðigigg með listamanninum Jóni Jónssyni til að gleðjast yfir þeim árangri sem náðist í söfnun undirskrifa í Pitt nafn bjargar lífi. Allir skólarnir voru með og stóð Gleði-Jón algjörlega undir nafni.



AÐGERÐASTARF

Árið 2020 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, sms-aðgerðanet, með þátttöku í *Pitt nafn bjargar lífi* og þátttöku í starfi ungliða-hreyfingarinnar. Með þessum mismunandi aðgerðaformum tekst deildinni að ná til fjölda fólks, félaga og almennings, uppfærða, efla og hvetja til þátttöku í baráttunni fyrir mannréttindum.

Í lok árs 2020 voru árlegir félagar Íslandsdeildar Amnesty International **809** talsins og mánaðarlegir félagar **8.408** talsins. Í lok árs 2020 voru félagar í netákalli ríflega **21.000** talsins og gripu þeir til aðgerða í 30 málum á árinu, **51.800** undirskriftir söfnuðust sem sendar voru stjórnvöldum víða um heim.

Skráðir félagar í sms-aðgerðanetinu voru **10.312** í lok árs 2020 sem fengu 36 áköll send og voru undirskriftirnar sem söfnuðust **27.051**. Sms-aðgerðanetið samþættir aðgerðastarf og fjáröflunarstarf Íslandsdeildarinnar. Félagar í aðgerðanetinu fá sendar upplýsingar um mál einstaklinga eða hópa sem sæta mannréttindabrotum og greiða 199 krónur fyrir hvert sms sem þeir fá sent. Sms-félagar svara ákallinu og nafn þeirra er þá skráð á undirskriftalista til viðkomandi stjórnvalda sem bera ábyrgð á brotunum.

UNGLIÐASTARF

Starf ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International fór vel af stað árið 2020 og náði hreyfingin að halda nokkra viðburði og aðgerðir áður en heimsfaraldur skall á. Í lok árs 2020 voru **182** skráðir í ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International um land allt. Alls stóð ungliðahreyfingin fyrir **átta** aðgerðum og viðburðum og safnaði **245** undirskriftum.



Haldin var aðgerð í Kringlunni á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 2020. Þá gáfu ungliðar konum blóm í tilefni dagsins og söfnuðu undirskriftum til stuðnings írönsku baráttukonunni Yasaman fyrir ákall til íranskra stjórnvalda um að leysa hana úr haldi.

AÐGERÐIR OG VIÐBURÐIR

Ungliðahreyfingin stóð fyrir tveimur táknrænum aðgerðum og undirskriftasöfnun á árinu en báðar tengdust þær mannréttindabrotum í Íran. Annars vegar fór fram aðgerð á Lækjartorgi 1. febrúar 2020 þar sem kritaðar voru útlínur þeirra 304 sem látist hafa í kjölfar grimmilegra aðgerða íranskra stjórnvalda gegn friðsamlegum mótmælum þar í landi. Hins vegar var



Frá táknrænni aðgerð ungliðahreyfingarinnar á Lækjartorgi þar sem kritaðar voru útlínur 304 fórnarlamba íranskra stjórnvalda.



Ungliðahreyfingin tók þátt í samstöðufundi á Austurvelli í júní gegn lögregluofbeldi í Bandaríkjunum.



aðgerð í Kringlunni á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 2020. Aðgerðin var táknræn en ungliðarnir gáfu konum blóm í tilefni dagsins, gátu kynnt mál írönsku baráttukonunnar Yasaman og safnað undirskriftum fyrir ákall til íranskra stjórnvalda um að leysa hana úr haldi. Grænn markaður styrkti ungliðahreyfinguna með blómum fyrir aðgerðina.

Valentínusarbió ungliðahreyfingarinnar undir yfirskriftinni *Ást er mannréttindi* var haldið í febrúar 2020 í Bíó Paradís og myndin *Paris is Burning*, sem tekur á málefnum um forðoma, fátækt og hinsegin fólk sýnd. Þá var haldið biókvöld í gegnum Netflix Party þar sem myndin *Born in Syria* var sýnd en hún varpar ljósi á aðstæður flóttabarna í Sýrlandi.

Nokkrar aðgerðir fóru fram á samfélagsmiðlum árið 2020. Í lok mars fór fram stafræn aðgerð á Instagram vegna þess að transteymi á BUGL hafði verið lagt niður. Í apríl fór fram almenn vitundarvakning og teikniáskorun fyrir mannréttindi undir yfirskriftinni draw4rights auk samstöðuaðgerðar vegna lagabreytinga um þungunarrof í Póllandi.

Ungliðahreyfingin tók þátt í samstöðufundi á Austurvelli gegn lögregluofbeldi á svörtu fólki í Bandaríkjunum í kjölfar morðsins á George Floyd hinn 3. júní 2020.

HÁSKÓLAFÉLAG AMNESTY INTERNATIONAL

Kosið var í nýja stjórn Háskólafélags Amnesty International í byrjun október 2020. Í stjórninni sitja: Arndís Ósk Magnúsdóttir og Senía Guðmundsdóttir (oddvitar), Salóme Sirapat (samfélagsmiðlafulltrúi), Bergur Arnar Jónsson (gjaldkeri), Sigrún Þorsteinsdóttir (nýnemafulltrúi) og Gunnar Hlynur (meðstjórnandi).

Kórónuveirufaraldurinn markaði spor í starfsárið en þeim mun meiri áhersla var lögð á að dreifa boðskap félagsins og ná til nýrra háskólafélaga með rafrænum hætti, aðallega á Instagram og facebook-síðu háskólafélagsins.

Í lok október var haldinn kynningarfundur á störfum Amnesty International fyrir háskólanema sem fór fram í gegnum Zoom með Önnu Lúðvíksdóttur, framkvæmdastjóra Íslandsdeildarinnar. Þá lagði háskólafélagið mikið upp úr því að vinna samfélagsmiðlaefni fyrir *Pitt nafn bjargar lífi*, sem birtist á instagram-síðu félagsins @haskolaamnesty í tíu daga í desember. Auk þess tók Senía þátt í kynningu her-

ferðarinnar á málþingi sem streymt var á Facebook ásamt fræðslustjóra Íslandsdeildarinnar og ungliða- og aðgerðastýru í desember.

Árinu 2020 lauk háskólafélagið á notalegum nótum með mannréttindabíósjóningu í gegnum Netflix Party þar sem myndin *The Trial of the Chicago 7* var sýnd.

FYRSTI FULLTRÚÍ Í ALÞJÓÐLEGU UNGMENNARÁÐI

Í maí var Þórhildur Elísabet Þórsdóttir valin fyrsti fulltrúi Íslandsdeildarinnar í Global Youth Collective sem er alþjóðlegt ungmennaráð Amnesty International. Ungmennaráðið samanstendur af 16 öflugum ungum aðgerðasinnum og starfsfólki samtakanna alls staðar að úr heiminum, en í ráðinu fá raddir ungra aðgerðasinna og málefni sem eru ungu fólki hugleikin hljómgrunn. Meðlimir ráðsins hafa áhrif á skipulag samtakanna á alþjóðavísu með ráðgjöf og upplýsingum um hvernig betur má mæta þörfum ungra aðgerðasinna í öllu starfi samtakanna.

MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Fræðsluárið 2020 var rólegra en ella vegna kórónuveirufaraldursins en frá miðjum mars fóru engar skólaheimsóknir fram á staðnum. Þess í stað bauð Íslandsdeildin upp á rafræna fræðslu og náði þannig að hitta einhverja hópa sem annars hefði ekki verið hægt. Haldnar voru **31** fræðsla fyrir **670** einstaklinga fræðsluárið 2020 en fræðslur voru haldnar fyrir skóla á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurlandi og Vestfjörðum.


Samhliða herferðinni *Pitt nafn bjargar lífi* í ár var bæði gefið út kennsluefni og gert myndband til að kynna herferðina og keppnina Mannréttindaskóla ársins. Kennsluefnið samanstóð af verkefnum tengdum fimm málum þar sem mannréttindi voru skoðuð og nemendum gefið tækifæri til að kafa dýpra í heim mannréttinda og grípa til aðgerða.

LITUM FYRIR MANNRÉTTINDI

Litabókin *Litum fyrir mannréttindi* var gefin út í september. Litabókin er með lærdómsívaði og fyrir alla þá sem vilja fræðast um frægt baráttufólk fyrir mannréttindum. Hægt er að velja hvort maður vill einungis lita eða líka læra í gegnum verkefni. Í bókinni má finna myndir af 18 einstaklingum, íslenskum og útlendum, sem berjast nú eða hafa barist fyrir mannréttindum okkar allra. Bókin er tilvalin gjöf og má nálgast í vefverslun Íslandsdeildarinnar.

Litabókin *Litum fyrir mannréttindi* var gefin út í september.

LITUM FYRIR MANNRÉTTINDI



Í bókinni má finna myndir af 18 einstaklingum sem berjast nú eða hafa barist fyrir mannréttindum.



Snædís Lilja Káradóttir, fulltrúi ungliðahreyfingarinnar, afhenti Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra undirskriftir ákalls vegna stöðu mannréttinda í Íran.

FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

Umfjöllun í fjölmiðlum um mannréttindi og baráttumál Amnesty International var með ágætum sé horft til þess að kórónuveirufaraldurinn tók eðlilega mikið pláss í fjölmiðlum árið 2020. Helst var minnst á Amnesty International í umfjöllunum tengdum flóttafólki, tjáningarfrelsinu, mótmælum og herferðinni *Pitt nafn bjargar lífi* 2020. Síðastliðið ár hefur deildin verið virk á samfélagsmiðlum og heldur uppi síðum á Facebook, Instagram, Twitter og Youtube. Á Facebook eru fylgjendur **20.650** og nýtir deildin síðuna nánast daglega til að miðla upplýsingum til almennings. Fylgjendum deildarinnar á Instagram fer fjölgandi og eru þeir nú **1.444** en voru **1.095** árið 2020. Herferðin *Pitt nafn bjargar lífi* var áberandi á fjölmörgum miðlum, auglýsingaskiltum og á strætó. Á samfélagsmiðlum náðu auglýsingar herferðarinnar til tæplega **147** þúsund manns en til um **100** þúsund manns árið áður.

Ánægjulegt er að segja frá því að heimsóknum á heimasíðu deildarinnar www.amnesty.is heldur áfram að fjölga. Rúmlega 46 þúsund einstaklingar heimsóttu vefsíðuna árið 2020 en voru

tæplega 44 þúsund árið áður. Fjöldi einstakra heimsókna var **190.363** miðað við **162.558** árið á undan.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Íslandsdeild Amnesty International átti í miklum samskiptum við íslensk stjórnvöld á liðnu ári. Síðustu ár hafa samskipti deildarinnar við stjórnvöld aukist mikið, sem sést einna best á því að starfsmaður var ráðinn í fullt starf til að sinna því. Mikinn hluta samskipta við stjórnvöld á síðasta ári mátti rekja til aðgerða stjórnvalda í tengslum við kórónuveirufaraldurinn. Í ljósi þessa þrýsti Íslandsdeild Amnesty International á breiðari hóp stofnana og embætta en oft áður. Meðal þeirra sem

Íslandsdeild þrýsti á voru Landlæknisembættið, heilbrigðisráðuneytið og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra þar sem stjórnvöld voru hvött til að sjá til þess að notkun á stafrænni tækni til að hafa eftirlit með einstaklingum og íbúum í baráttunni við heimsfaraldurinn væri í samræmi við alþjóðalög og mannréttindi. Auk þess kom deildin þeim tilmælum til forsætisráðherra að mannréttindi væru þungamiðjan allt frá upphafi í öllum aðgerðum stjórnvalda vegna baráttunnar við kórónuveirufaraldurinn. Þá má einnig nefna starf ungliða-hreyfingarinnar í tengslum við samskipti við stjórnvöld. Í febrúar stóð hreyfingin fyrir táknaðri aðgerð sem fram fór á Lækjartorgi. Í kjölfarið afhenti Snædís Lilja Káradóttir í ungliðahreyfingunni Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra **2.342** undirskriftir sem söfnuðust í aðgerðinni þar sem kallað var eftir því að íslensk stjórnvöld vektu athygli á stöðu mannréttinda í Íran á alþjóðavettvangi. Ráðherra tjáði Íslandsdeildinni og ungliðahreyfingunni að Ísland væri aðili að svokölluðum „kjarnahópi“ ríkja á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um ályktun vegna stöðu mannréttindamála í Íran.

MANNRÉTTINDAÁSKORUN

Meðfram herferðinni í ár var efnt til vídeósamkeppni ungmenna á aldrinum 16–25 ára undir yfirskriftinni Mannréttindaáskorun. Keppnin fólst í því að útbúa örstutt vídeó til að kynna *Pitt nafn bjargar lífi* og keppnina um Mannréttindaskóla ársins 2020. 66° NORÐUR gaf úlpuna Dyngju í gjöf fyrir vinningsvídeó. Sigurvegarar í keppninni voru systurnar Senía og Júlía Guðmundsdætur en í dómnefnd sátu Thelma Marín Jónsdóttir og Sonja Huld Guðjónsdóttir frá Íslandsdeild Amnesty International ásamt Reyni Lyngdal leikstjóra.

GÓÐAR FRÉTTIR:

SÝKNAÐUR Í FRAKKLANDI FYRIR AÐ AÐSTOÐA FÓLK Í NEYÐ

Franskur réttur sýknaði bónda sem var ákærður fyrir það eitt að hjálpa umsækjendum um alþjóðlega vernd í neyð. Cédric Herrou var sakfelldur árið 2017 fyrir að aðstoða þá við frönsku og ítölsku landamærin og hjálpa þeim að komast inn í landið. Mál Herrous var táknað fyrir það hvernig samhugur hefur verið gerður að glæp víðsvegar um Evrópu.

FJÁRÖFLUN Í KÓRÓNUVEIRU-FARALDRI

Í fjáröflunarstefnu Íslandsdeildar Amnesty International hefur lengi verið lögð áhersla á að félagar deildarinnar styðji við starfið með lágu mánaðarlegum upphæðum til að tryggja hlutleysi deildarinnar. Þegar ljóst var að heimsfaraldur væri að skella á var ýmislegt tvísýnt. Öttast var að afskráningar félaga myndu aukast en sem betur fer hefur það ekki gerst þrátt fyrir ástandið. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að standa vörð um mannréttindi á tímum sem þessum. Stjórnvöld víðsvegar um heiminn hafa sett á lög, í skjóli kórónuveirufaraldursins, sem stuðla að verra umhverfi hvað varðar mannréttindi. Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt að standa vörð um mannréttindi og nú.

Íslandsdeildin fór í samstarf við Reglu, Logoflex og Kolofon um hönnun á snertilausum söfnunarkassa, nokkurs konar kórónuveiruvænum söfnunarbauk, sem er nýjung í fjáröflun á Íslandi. Ætlunin er að nýta hann á ýmsum viðburðum og þess á milli hafa hann á víðförnum stöðum en kassinn fór í notkun í byrjun árs 2021.

Í lok desember var hafist handa við skipulagningu á fyrstu alþjóðlegu neyðarsöfnuninni sem var hrint af stað í byrjun ársins 2021. Ætlunin er að þessi neyðarsjóður styðji við aðgerðasína sem berjast fyrir mannréttindum og starfsfólki Amnesty International.

FÉLAGAÖFLUN

Í upphafi árs var farið í símhringiverkefni vegna alþjóðlegu herferðarinnar okkar *Pitt nafn bjargar lífi* en fyrirtækið Takk samskipti sá um úthringingar fyrir deildina. Úthringilisti með **388** nöfnum frá herferðinni árið 2019 var nýttur til verksins. Vegna aðstæðna var fallið frá sumarstarfinu *Frá augliti til auglitis* sem gengur út á félagöflun úti á götu. Þess í stað var lögð enn meiri áhersla á félagöflun í gegnum síma.

Önnur verkefni fjáröflunar voru: Umbreytingar á sms-aðgerðanetinu, umbreytingar á árlegum félögum, eftirfylgni með afskráningum og björgunarverkefni. Þá byrjaði deildin að safna listum í gegnum Facebook-lead og reyndist það vel. Heildarfjöldi nýrra mánaðarlegra styrktaraðila var **1.383** manns sem er **19%** aukning frá 2019. Meðalframlag hækkaði um **11,7%** og er nú **1.704** krónur. Tekjur frá nýjum félögum á ársgrundvelli voru rúmar **28 milljónir** en kostnaður við öflun var tæpar **17 milljónir**.

SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr sms-aðgerðanetinu voru rúm **61 milljón** og vill Íslandsdeildin þakka Símanum kærlega fyrir stuðninginn við þessa einstöku aðgerða- og fjáröflunarleið.



STAKIR STYRKIR

Útbúinn var sprettigluggi á vefsíðu með áherslu á staka styrki og söfnuðust **585 þúsund** krónur í stökum styrkjum í gegnum vefinn. Einnig gerðust **163** einstaklingar mánaðarlegir félagar í gegnum sprettigluggann á vefsíðunni sem gerir samtals **3,6 milljónir** á ársgrundvelli. Vegna aðstæðna féll Reykjavíkummarabonið niður og engir aðrir hefðbundnir viðburðir voru haldnir.

VÖRUSALA

Vörusalan jókst um **38%** milli ára og hefur sala á www.amnesty.is aldrei gengið eins vel. Sala á vefsíðu Amnesty jókst um **88%** en sala á jólakortum dróst saman um **60%** í verslunum Pennans. Salan á FYRIR AMNESTY-sokkunum gekk vel en rúmlega **1.400** pör voru seld í lok árs 2020.

VILTU VINNA AÐ BETRI HEIMI?
TAKTU ÞÁTT
Í STARFI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL

FÉLAGI

Besta leiðin til að styrkja starfið er að gerast félagi. Þú ræður upphæðinni. Amnesty byggir starf sitt á frjálsum framlegum og þiggur enga ríkisstyrki.

NETÁKALL

Einfalt og áhrifaríkt aðgerðanet þar sem undirskrift þín og þúsund annarra styður við baráttu gegn ofbeldi, pyndingum og öðrum mannréttindabrotum.

SMS ÁKALL

Þú færð send 3 SMS á mánuði og greiðir 199 kr. fyrir hvert. Þú getur svarað ákallinu og þannig tekurðu bæði þátt og styrkir starfið á sama tíma.

STAKUR STYRKUR

Með gjöf þinni styður þú Amnesty International í baráttunni fyrir mannréttindum.

UNGLIÐASTARF

Ungir aðgerðasinnar gegna mikilvægu hlutverki í starfi Amnesty International um víða veröld. Þeir eru, oftar en ekki, virkustu félagarnir okkar.

VEFVERSLUN

Þegar þú verslar í Amnesty-búðinni gerir þú okkur kleift að halda herferðunum okkar áfram þar sem allur ágóði rennur óskertur til mannréttindastarfsins.

ÍSLANDSDEILD AMNESTY INTERNATIONAL
Þinghallsstræti 27 / 101 Reykjavík / 511-7900 / amnesty@amnesty.is / www.amnesty.is

AMNESTY INTERNATIONAL



GÓÐAR FRÉTTIR:

EINSTAKLINGAR LEYSTIR ÚR HALDI

Fjöldmargir einstaklingar voru leystir úr haldi í október 2020 vegna þrýstings frá stuðningsfólki Amnesty International. Á meðal þeirra voru Narges Mohammadi, mannréttindalögfræðingur frá Íran, og Alaa Shaaban Hamida, læknir frá Egyptalandi, sem var handtekin eftir að hjúkrunarfræðingur notaði síma hennar til að tilkynna kórónuveirusmit í mars 2020.

GÓÐAR FRÉTTIR:

ÞUNGUNARROF LÖGLEITT Í ARGENTÍNU

Þungunarrof var loks lögleitt í Argentínu hinn 30. desember 2020. Það voru söguleg tímamót í þágu mannréttinda fyrir konur, stúlkur og annað fólk sem getur orðið þungað. Lögin leyfa þungunarrof fram að fjórtánu viku meðgöngu. Eftir það er þungunarrof löglegt sé líf eða heilsa móður í hættu.



GÓÐAR FRÉTTIR:

MANNRÉTTINDAFRÖMUÐUR LAUS ÚR HALDI Í BAREIN

Í júní 2020 var Nabeel Rajab mannréttindafrömuður leystur úr haldi í Barein í kjölfar áralangrar herferðar Amnesty International og annarra samtaka. Hann átti þrjú ár eftir af dómnum en hann sat inni í fjögur ár fyrir ummæli um átökin í Jemen.



GÓÐAR FRÉTTIR:

MANNRÉTTINDALÖGFRÆÐINGUR LAUS ÚR HALDI Í KÍNA

Mannréttindalögfræðingurinn Wang Quanzhang sam-einaðist fjölskyldu sinni á ný í apríl 2020 eftir fjögur og hálf ár í fangelsi. Hann sat í fangelsi fyrir störf sín þar sem hann opinberaði spillingu og mannréttindabrot. Amnesty International hefur kallað eftir lausn hans frá því hann var handtekinn.

HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

Framlög félagsmanna	98.461.920
Framlög frá almenning	4.570.022
Framlög frá fyrirtækjum	15.000
Ákall SMS	61.289.173
Annar söluvarningur	7.430.768
Samtals	171.766.883
Vaxtatekjur	770.200
Samtals	172.537.083

ÚTGJÖLD

Fjáröflunarkostnaður	36.255.941
Alþjóða- og mannréttindastarf	72.381.163
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	30.754.427
Húsnæðiskostnaður	1.854.011
Samtals	141.245.542

VERSLAÐU Á AMNESTY.IS OG STYRKTU MANNRÉTTINDABARÁTTUNA

SOKKAR FYRIR AMNESTY

Í ár fengum við fatahönnuðina Anitu Hirlekar, Aldísi Rún og Berg Guðnason til að hanna sokka.



LITABÓKIN LITUM FYRIR MANNRÉTTINDI

Litabók fyrir alla sem finnst gaman að lita og vilja í leiðinni fræðast um frægt baráttufólk fyrir mannréttindum.



GJAFABRÉF

Gjafabréfin okkar eru tilvalin gjöf til þeirra sem eiga allt.



MYNDAVÉLARHULA

Hulan hylur myndavélina þína þegar hún er ekki í notkun. Virkar á snjallsíma, fartölvur og spjaldtölvur.



Allur ágóði rennur óskiptur til mannréttindastarfs Íslandsdeildarinnar.

WWW.AMNESTY.IS

AMNESTY
INTERNATIONAL

